

Fundargerð

171. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 4. mars 2015, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Ársreikningar 2014.**

Ársreikningar voru kynntir og farið yfir forsendur og niðurstöðutölur. Í forsendum fjárhagsáætlunar 2014 var ekki gert ráð fyrir hækkun á launum og launatengdum gjöldum og var nokkur halli á rekstri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra á árinu 2014, þ.e. kr. 2.183.669,- Hallinn er til kominn vegna endurnýjunar á kjarasamningum árið 2014. Ársreikningur var borinn upp, samþykktur og undirritaður. Undirritaður ársreikningur fylgir með fundargerð.

3. **Niðurstaða úr sjómælingum við Akureyri.**

María Markúsdóttir kynnti niðurstöður mælinga á skólpmengun í Pollinum og strandlengjunni meðfram Akureyri og fór yfir lög og reglur varðandi fráveitur og skólþ. María kynnti úrbætur Akureyrarbæjar á síðustu árum og fór yfir þær úrbætur sem eru nauðsynlegar í náinni framtíð. Einnig lagði María fram kynningarefni um fráveitumál á Akureyri. Umræða varð um stöðu mála í fráveitumálum á Akureyri og einnig var rætt um stöðu mála hjá öðrum sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar.

Eftirfarandi var bókað:

§Heilbrigðisnefnd leggur þunga áherslu á að Akureyrarbær og öll önnur sveitarfélög á starfssvæði nefndarinnar tryggi matvælavinnslum, ferðaþjónustu og almennum útivistarhagsmunum hreint og heilnæmt umhverfi og fullnægi skyldum sínum um fráveitur og hreinsivirki í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999. Minnt er á að skylt er að afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar vegna fráveitna og hreinsivirkja.ð

4. **Hlíðarfjall, úrbætur m.t.t. vatnsverndar.**

Alfreð Schiöth bauð Baldur Dýrfjörð fulltrúa Norðurorku velkomin á fund heilbrigðisnefndar til að kynna úrbætur sem snúa að því að treysta öryggi neysluvatns. Baldur skýrði frá mengunarslysi sem átti sér stað skammt utan við vatnsverndarsvæði Norðurorku í Hlíðarfjalli fyrir nokkru og fór í ítarlegu máli yfir viðbrögð Norðurorku og samstarfsaðila vegna þessa. Norðurorka vinnur nú að margvíslegum úrbótum til að fyrirbyggja mengunarslys á vatnsverndarsvæðum og til að efla viðbúnað og viðbrögð þegar mengunarslys eiga sér stað. Norðurorka leggur áherslu á að vinna þessar úrbótaáætlanir í samstarfi við hagsmunaðila og hina ýmsu samstarfsaðila. Baldri var þakkað fyrir að koma á fund heilbrigðisnefndar með ítarlega og greinargóða kynningu á afar mikilvægu málefni.

Umsagnir:

1. **Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis á Geiteyjarströnd 1 og breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.**

Kynningu frestað til næsta fundar

2. **Efnistaka úr nýrri námu E-26A í Skurðsbrúnum við Húsavík-Umsögn.**
3. **Skipulags- og matslýsing breytingar aðalskipulags Norðurlands og tilheyrandi deiliskipulags vegna efnistökusvæðis í Skurðsbrún norðan Húsavíkur.**

Porkell Björnsson kynnti umsagnir undir lið 2 og 3 þar sem m.a. er lögð áhersla á mikilvægi þess að skerða ekki vatnsverndarsvæði.

4. **Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um undanþágu frá 3. grein reglugerðar nr. 814/2010 er varðar stærð á yfirfleytirennum í rennibrautarlaug í sundlaug Akureyrar.**

Kynningu frestað til næsta fundar.

5. **Umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi; fyrirhuguð stækkun á orlofshúsabyggð Illugastaða í Fnjóskadal.**

Kynningu var frestað til næsta fundar.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Fossa Enterprises kt. 511214-0840 Skipholti 10, 105 Reykjavík. Starfsstöð Suðurgarður Húsavík. Vinnsla á lambahornum í nagbein fyrir hunda. **Samþykkt.**
2. Feðgin ehf kt. 580215-0760, Fjarðarvegi 2, 680 Þórshöfn. Grillskáli m/veitingaleyfi. **Samþykkt.**
3. Þínir fætur-Fótaaðgerðarstofa, kt. 270188-2579, Hafnarstræti 97, 600 Akureyri. Rekstraraðili: Svanhildur Anna Árnadóttir, kt. 270188-2579, Skuggagili 6-102. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
4. Arcticus Sea Products ehf., kt. 640912-0730, Hjalteyrartanga, 601 Hjalteyri. Harðfiskverkun. Ný starfsemi. **Samþykkt.**
5. Sólfjörð Hótel ehf kt. 460115-0190, Arctic Hotel Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
6. Í lit, kt. 541108-1220, snyrtistofa, Sandskeiði 22, 620 Dalvík. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

Önnur mál:

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.15.

Pétur Maack Þorsteinsson
formaður

Alfreð Schiöth

Þorkell Björnsson

Hólmfríður G. Jónsdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Örlygur Hnefill Örlygsson

María Markúsdóttir

Þórarinn Þórisson

Jón Torfi Halldórsson

Kristín Halldórsdóttir